



Fötlun og samfélag – FTL2B05

Námsáætlun, vorönn 2023 dreif

Kennari/kennarar:

Elísabet Jónsdóttir

Netfang/netföng:

elisabet.jonsdottir@borgo.is

Lýsing:

Viðfangsefni áfangans eru samspil fötlunar og samfélags með hliðsjón af eðlilegu lífshlaupi fatlaðs fólks. Fjallað er um sögu fatlaðs fólks frá altækum stofnunum til nútímans. Lögð er áhersla á sjónarhorn fötlunarfræða og sjónum er beint að því hvernig fötlun sem félagsleg afurð hefur áhrif á hvert lífsskeið einstaklinga. Fjallað er um lagalegan rétt fólks til þjónustu, m.a. til menntunar, búsetu og atvinnuþátttöku. Skoðuð eru ýmis þjónusta fyrir fatlað fólk og sjónum beint að mannréttindum, jafnrétti og lífsgæðum. Fjallað er um fötlun og hlutverk samfélagsins í því að móta fötlun einstaklinga og viðhorf til þeirra.

Þekking, leikni, hæfni:

- þekki samspil sögu fatlaðs fólks frá altækum stofnunum til nútímans
- greini ríkjandi hugmyndafræði um stöðu og réttindi fatlaðs fólks
- þekki hugmyndafræði um eðlilegt líf og geti beitt henni í faglegu starfi
- geti lesið gildandi lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir
- geti aflað upplýsinga um þá þjónustu sem í boði er hjá sveitarfélögum og hagsmunasamtökum og upplýst aðra um
- geti tengt saman viðhorf, réttindi og þjónustu við þróun laga og hugmyndafræði í málefnum fólks með fötlun
- geti beitt þekkingu sinni á efni áfangans í faglegri umræðu um æviskeið, hlutverk samfélagsins og þörf fyrir þjónustu

Námsmat:

1. Þátttaka, mæting og virkni í umræðutímum og lotum 25%
2. Fimm verkefni yfir önnina, samtals 50%
3. Lokaverkefni og kynning, samtals 25%

Námsgögn:

Efni frá kennara

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma. Nemendur þurfa að standast alla matsþætti. Kennsluáætlun kann að taka breytingum á önninni að höfðu samráði við nemendur. Rík áhersla er lögð á mætingar og ástundun.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Lota I Kynning á efni áfangans, skipulag kynnt og rætt um fræðilegan skilning	
2	9.-13. janúar	Fræðileg sjónarhorn og áhrif fræðanna á hugmyndafræði og viðhorf ásamt lagasetningum (UT1)	Verkefni 1 7,5%
3	16.-20. janúar	Litið um öxl og sagan skoðuð (UT2)	
4	23.-27. janúar	Litið um öxl og sagan skoðuð II (UT3)	Verkefni 2 7,5%
5	30. jan- 3. febrúar	Skýrsla vistheimilanefndar um Kópavogshæli (UT4)	
6	6.-10. febrúar	Sáttmáli sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (UT5)	Verkefni 3 10%
7	13.-17. febrúar	Lagaleg réttindi fólks í dag, almenn og sértæk (UT6)	
8	20.-23. febrúar	Notendastýrð persónuleg aðstoð – NPA (UT7)	
9	28. febrúar- 3. mars	Þjónandi leiðsögn (UT8) Lota II Verkefni 4 kynnt	Verkefni 4 15%
10	6.-10. mars	Stofnanir og félag sem vinna eða hafa unnið að hag fatlaðs fólks (UT9)	
11	13.-17. mars	Barnæska fatlaðra barna (UT10)	Verkefni 5 10%
12	20.-24. mars	Fullorðinsár og fötlun (UT11)	
13	27.-31. mars	Allskonar störf fyrir allskonar fólk (UT12)	
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Þjónusta við fólk með geðfötlun (UT13)	
16	17.-21. apríl	Sumardagurinn fyrsti	Lokaverkefni
17	24.-28. apríl	Fötlun og öldrun (UT14)	
18	1.-5. maí	Samantekt (UT15) Lota III Verkefnumessa	
19	8.-12. maí		

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.